



SNÆFELLINGUR

Fréttabréf

Áb. m.: Gunnar Kristjánsson

Maí 2008

FRÁ FORMANNI

Góðir félagsmenn.

Árið 2008 er á margan hátt tímamótaár í starfi Hestamannafélagsins Snæfellinga. Á þessu ári eru 45 ár liðin frá stofnun þess og það er óhætt að segja að mikil þróun og breytingar hafi átt sér stað á þessum tíma. Á fyrstu árunum var aðal áherslan lögð á að koma upp keppnisvelli fyrir félagsmenn að Kaldármelum og síðan graðhestagirðingu í Hólslandi. Eftir því sem árin liðu og þéttbýliskjarnarnir á Norðan verðu nesinu byggðust upp urðu þar til sérstök hesteigendafélög sem kostuðu kapps að útbúa aðstöðu fyrir sína félag. Á fjórum stöðum eru nú keppnisvellir og ýmiss önnur aðstaða. Hjá þessum félögum fara fram mót, námskeiðahald og uppákomur af ýmsum toga allt eftir frumkvæði og dugnaði á hverjum stað. Í dag má því segja að hlutverk Snæfellinga á félagslegum grunni snúi meira að samkiptum út á við þ.e. við önnur hestamannafélög á Vesturlandi og með aðild að LH félagslegum samkiptum við íþróttahreyfinguna og þátttökurétti á Landsmótum. Ennþá er þó haldið úti mótum sem segja má að séu alvöru mót. Annarsvegar íþróttamót og hinsvegar gæðingakeppni sem við kjósum að kalla Hestaþing Snæfellinga, sem er opið mót þar sem liðsmönnum Snæfellinga gefst kostur á að spreyta sig í keppni við knapa frá öðrum félögum. Snæfellingur hefur með aðild að Hrossaræktarsambandi Vesturlands reynt að stuðla að ræktunarstarfi meðal félagsmanna og sl. haust héldum við uppákomu til þess að vekja athygli á ræktunarstarfi félagsmanna og munum

örugglega halda áfram á þeirri braut.

Með tilkomu reiðhalla í Grundarfirði sem Snæfellingur mun eiga aðild að sem hluthafi í Snæfellingshöllinni ehf. aukast möguleikar á uppákomum fyrir félagsmenn yfir vetrartímam. Þar eru að mínu mati margir spennandi kostir í auglýsni sem eiga eftir að verða lyftistöng fyrir hestamennsku á félagssvæðinu. Hestamennska er fjölskylduvænt sport sem á sér marga aðdáendur, mikilvægt er að sveitarstjórnarmenn fari að sjá að uppbygging mannvirkja sem tengjast hestamennskunni sem íþrótt sé sjálfsagður hlutur í áætlunum um uppbyggingu íþróttamannvirkja á hverjum stað og skynji mikilvægi þess að hlú að þessari starfsemi á sama hátt og annari íþróttastarfsemi með því t.d. að reisa reiðskemmur á hverjum stað og koma að uppbyggingu og viðhaldi annara mannvirkja.

Góðir félagar nú er Landsmótsár og framundan úrtaka og sýningar kynbótahrossa hestamannfélögin á Vesturlandi hafa sameinast um úrtöku fyrir Landsmót og verður hún að Miðfossu laugardaginn 31. maí n.k. en Snæfellingur á rétt á tveimur hestum í hverri keppnisgrein. Hugmyndir eru uppi um ennfrekari samvinnu þessara féлага s.s. að haldin verði sameiginleg uppskeruhátíð næsta haust eða vetur.

Gleðilegt afmælisár.

Gunnar Kristjánsson

SNÆFELLINGSHÖLLIN EHF.

Framkvæmdir við væntanlega reiðhöll hófust með fyrstu skóflustungu uppúr áramótum og er jarðvinna nú langt komin búið er að grafa upp úr gruni og verið að keyra í hann undirstöðuefni undir sökla. Það er Dodds ehf sem annast jarðvinnuna á ákveðnu rúmmetra gjaldi og hefur eigandi fyrirtækisins lofað ákveðnum hluta af þessari jarðvinnu í hlutafé til Snæfellingshallarinnar. Ákveðið hefur verið að kaupa stálgrindarhús af HHaukssyni ehf en með hliðsjón af óhagstæðu gengi hefur dregist að ganga frá samningi um kaupin og er líklegt að það dragist fram á haustið. Stjórn Snæfellingshallarinnar hyggst reisa 24 x

60 metra hús og er þar horft til þess að rými sé fyrir áhorfendur á bekkjum og aðstaða fyrir geymsluhross í enda hússins, ásamt andyri og salernisaðstöðu. Fyrirhugað er að afla aukins hlutafjár með því að senda bæjarstjórnnum á Snæfellsnesi og stærstu fyrirtækju beiðni um þátttöku. Markmið stjórnar er að reiðhöllin rísi skuldlaus og að reksturinn standi undir sér. Framlag Grundarfjarðarbæjar er 16,7 milljónir en styrkur Landbúnaðarráðuneytsins sem verður hlutur Snæfellinga er 15 milljónir. Þá eru allir þeir sem vilja leggja þessu þarfa máli lið hvattir til að hafa samband við stjórnarmenn Snæfellingshallarinnar ehf. Þeir eru

Bjarni Jónasson form.

sími: 8949758 email: bkongur@simnet.is

Kristján M Oddsson fulltrúi Snæfellinga

sími: 8614966 email: dodds@simnet.is

Rósa Guðmundsdóttir fulltrúi Grundarfjarðarbæjar

sími: 8692701 email: rosa@tsc.is

REIÐVEGAMÁL

Það er að fréttu af reiðvegamáli að hafin er gerð reiðvegur frá Grund að Eiði við Grundarfjörð. Snæfellingur fékk úthlutað 700.000 kr árið 2007 sem fer í þessa framkvæmd. Áætlaður kostnaður við þennan reiðveg eru rúmar 3 milj kr og verður hann kláraður áður en farið er í næstu framkvæmd. Árið 2006 var úthlutað 1.8 milj kr. Það á eftir að framkvæma fyrir þessa peninga en þeir fara í reiðveg fyrir ofan Vegamót sem liggur í Austur - Vestur. Seinna þegar reiðvegur Grund - Eiði er búinn verður haldið áfram með reiðveg að sunnan-verðu frá Dal niður að reiðvegi við Vegamót 1,5 km. Á eftir þessum verkefnum verður farið í gerð reiðvegur frá Gríshól í átt að Skildi 1,3 km. Undirbúningur er hafin á uppsetningu áningagerðis á Stakkhamarsnesi það eru þeir Bjarni á Stakkhamri og Júlíus á Gaul sem sjá um þá framkvæmd. Gert er ráð fyrir því að gerðið verði tilbúið í byrjun júní og hvet ég alla sem verða á ferð um fjörunnar að nota sér það. Vonandi komast sem flestir félagsmenn í hestaferð í sumar það þarf oft ekki langa ferð til að hafa gaman af og njóta hestanna sinna. Kveðja

Gunnar Tryggvason Brimilsvöllum.

HÓLSLAND

Á síðasta ári var undirritaður leigusamningur við Landbúnaðarráðuneytið til 10 ára um afnot Hólslands um er að ræða allt Hólslandið en af því er nýtanlegt um 85 hektarar sem er um 30 hekturum stærra svæði en í fyrri samningi. Búið er að kaupa girðingarefni til þess að girða af landið og mun Gísli Guðmundsson Hömluholtum verða stjórninni innan handar við girðingarvinnuna en þess má geta að Gísli gaf Snæfellingi sem styrk að upphæð kr. 30.000 vinnu sína við umsjón og viðhald girðingarinnar á síðasta ári. Á þessu ári verða í Hólslandi Adam frá Ásmundarstöðum og Hræringur frá Litla - Kambi. Nánar um graðhestana bókanir og starfsemi hrossaræktarsambands Vesturlands á <http://hrossvest.is> fulltrúi Snæfellinga í stjórn sambandsins er Gísli Guðmundsson Hömluholti.

KALDÁRMELAR

Undirritaður hefur verið leigusamningur við Landbúnaðarráðuneytið til 10 ára um afnot Snæfellinga að Kaldármelasvæðinu sem er um 51 hektari úr landi Hraunsmúla. Fyrir síðasta fjórðungsmót lagði þáverandi stjórn í verulegan kostnað við keppnis, og kynbótavöll. Lán að upphæð 1500 þúsund til fimm ára var þá tekið fyrir plasttrekverki umhverfis þessa velli. Afborganir og vextir hafa reynst félaginu þungir í skauti en með frábærri aðstoð fjögurra styrktaraðila sem gerðu samning um 150 þús. króna styrk til viðhalds og uppbyggingar á Kaldármelum til þriggja ára hver minnkuðu fjárhagsáhyggjur núverandi stjórnar til muna. Þessir styrktaraðilar Kaldármela eru: Hrísdalshestar ehf., Miðhraun ehf, Söðulsholt ehf og á þessu ári bættist í hópinn Hrossaræktarbúið

Fellsendi í Grundarfirði. Hér með auglýst eftir fleiri styrktaraðilum sem væru tilbúnir að leggja sitt að mörkum til Kaldármela. Þar vantar t.d. valtara og góðan slóðadragara til þess að hafa á staðnum þegar þar eru mót. Opið mót var haldið á Kaldármelum á síðasta ári og þótti það takast vel þannig að stefnan er sett á annað slíkt mót fyrstu heilu helgina í ágúst á þessu ári. Umræður um fjórðungsmót að ári á Kaldármelum er komin á skrið en því hefur verið hreyft við rétta aðila að Landsmót ehf taki að sér framkvæmd mótsins á Kaldármelum og er það í skoðun.

UPPLÝSINGAFLÆÐI

I hraða nútímans eru samkiptamál öll orðin nokkuð flókin en til þess að Snæfellingur geti komið upplýsingum á framfæri við félagsmenn sína fljótt og vel er tölvupóstur líklega fljótlegasta leiðin. Um 90% landsmanna hafa nú aðgang að tölvu svo þeir félagsmenn sem eru með tölvupóstfang vinsamlegast sendið tölvupóstfang ykkar á snaefellingur@gmail.com en Marteinn Njálsson ritari í stjórn Snæfellinga hefur tekið að sér að halda utan um félagaskrá og tölvupóstfang. Hann sér einnig um að uppfæra síðu Snæfellinga sem vistuð er hjá HSH undir slóðinni www.snaefellingur.net þar birtum við fréttir af viðburðum sem og að koma öðrum upplýsingum er varða hestamennsku á framfæri. En tölvupóstur er þá sendur á pósthafalistann til þess að vekja athygli á fréttinni, mjög mikilvægt er að félagsmenn séu vakandi yfir því að koma tölvupóstfangum á framfæri við umsjónarmann síðunnar á netfangið snaefellingur@gmail.com Fréttabréf eins og þetta verður síðan sent út endrum og sinnum eftir því sem tími vinnst til.

MÓTASKRÁ SNÆFELLINGS 2008

18. maí sunnudagur kl. 10.00

Íþróttamót Stykkishólmi

31. maí laugardagur kl. 10.00

Sameiginleg úrtaka á Vesturlandi að Miðfossu.

30.júní - 6. júlí

Landsmót hestamanna Gaddastaðafötum.

9. - 10 ágúst

Opið Hestaþing Snæfellinga að Kaldármelum.



STEINPRENT

Sandholt 22 • Ólafsvík

S: 436 1617 • Fax: 436 1610

Netfang: steinprent@simnet.is

STJÓRN SNÆFELLINGS SKIPA

Gunnar Kristjánsson Grundarfirði form.
Gunnar Tryggvason Brimilsvöllum gjaldkeri,
Marteinn Njálsson Suður-Bár ritari og með-
stjórnendur eru Gunnar Sturluson Hrísdal og
Kristján Magni Oddsson Grundarfirði. Vara-
menn Edda Sóley Kristmannsdóttir Stykkis-
hólmi og Reynir Axelsson Hellissandi.

SJÁLFOÐA- STARF

Í síðasta fréttabréfi var sjálfoðaliðastarf gert að umtalsefni sem enn er ítrekað því í nútímasamfélagi er eins og tími sjálfoðaliðastarfs sé að líða undir lok. Við viljum þó ekki alveg gefast upp og óskum eftir sjálfoðaliðum við störf jafnt á mótum sem og við ýmsa vinnu á Kaldármelum. Þeir sem eru tilbúnir og vilja leggja fram starfskrafta sína eru beðnir um að hafa samband við einhvern stjórnarmanna, hvort sem er í síma eða tölvupósti.

Tölvupóstfang stjórnarmanna eru:

Gunnar K. hrannarb@simnet.is
Gunnar Tryggva. brimilsvellir@isl.is
Gunnar Sturlu gunnar@logos.is
Kristján dodds@simnet.is
Marteinn sudurbar@sveit.is



ÆSKULÝÐS- MÁL

Snæfellingur fékk úthlutað styrk að upphæð kr 150.000 úr Íþróttasjóði ríkisins til eflingar æskulýðsstarfi. Á vegum æskulýðsnefndar er unnið að hugmyndum um hvernig þessu fjármagni verði best varið.



LANDSMÓTSÁR

Það er alltaf viss spenna sem myndast þegar Landsmótsár rennur upp. Þeir sem sinna kynbótastarfi reyna að koma sínum gæðagripum í toppstand áður en kynbótadómar fara fram og keppnishross eru þjálfuð af kostgæfni. Stjórn Snæfellinga leggur áherslu á að halda góðu samstarfi við þá keppendur sem keppa mun fyrir hönd Snæfellinga í sumar. Félagsbúningurinn er enn óbreyttur og hvað sem um hann má segja þá er hann okkar félagsbúningur og leggur stjórnin mikla áherslu á að keppendur klæðist búningnum í keppni og hópreið. Vandamálið hefur verið að fá jakka í réttum lit en vitað er um fjölda ónotaðra félagsjakka og eru þeir sem geta lánað þá á Landsmóti beðnir að tilkynna það til stjórnarmanna símleiðis eða í tölvupósti. Sérstakur liðstjóri verður valinn til þess að halda utan um og vera keppendum til liðsinnis á mótinu.